

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafíu Jóhannsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. febrúar 1971. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafíu Jóhannsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ólafíu Jóhannsdóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, í samræmi við síðustu munnlegar óskir Ólafíu Jóhannsdóttur til vina hennar, að stuðla að því, að reist verði diakonissustofnun á Íslandi. Með diakonissustofnun á Íslandi er átt við sams konar stofnanir og þær, sem vinna að hinni kirkjulegu þjónustu (diakonia) kvenna almennt í evangelísk-lútherskum kirkjum, og diakonissa er kona, sem hlotið hefur menntun og víslu til að leysa þess konar þjónustu af hendi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er tíu þúsund krónur og má ekki skerða þann höfuðstól. Enn fremur skulu við höfuðstólinn leggjast gjafir, sem gefnar eru með þeim skilyrðum, að þeim skuli til þess varið, og gildir um þær hið sama ákvæði og um hinn upphaflega höfuðstól. Skal höfuðstóllinn ávaxtaður í ríkistryggðum bönkum eða sparissjóðum, eða verðbréfum, sem stjórn sjóðsins telur fullkomlega trygg.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Vextir af peningum og arður af eignum sjóðsins, gjafir, áheiti og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjur sjóðsins leggjast við höfuðstól hans þangað til hann er orðinn kr. 75 000.00. Frá þeim degi má ráðstafa vöxtum hans og öðrum almennum tekjum samkvæmt skipulagsskrá þessari. Sé leyfð úthlutun ekki notuð til fulls, leggst afgangurinn við höfuðstól, sbr. 3. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki úr sjóðnum til hverra þeirra aðgerða, er miða að undirbúningi diakonissustofnunar á Íslandi, svo sem að styrkja til náms þær stúlkur, sem gerast vilja diakonissur eða starfa sem diakonissur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þrem mönnum tilnefndum til fimm ára í senn. Tilnefnir landlæknir einn, biskupinn yfir Íslandi einn og stjórn kristilegs félags hjúkrunarkvenna einn.

6. gr.

Endurskoða skal reikninga sjóðsins árlega af löggiltum endurskoðanda. Kristilegt félag hjúkrunarkvenna skal varðveita bækur sjóðsins.

Sjóður þessi er stofnaður af Ólafíu Jónsdóttur, hjúkrunarkonu. Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.